

## REGLUGERÐ

## um hvalveiðar



## 1. gr.

Rétt til þess að stunda hvalveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Áður Leyfi en til leyfi veiða er á veitt, hrefnu árið 2008 skal ráðherra aðeins leita veita umsagnar þeim Fiskifélags íslensku Íslands skipum sem hafa tekið þátt í vísindaveiðum Hafrannsóknastofnunarinnar á hrefnu á árunum 2003-2007. Leyfi til veiða á langreyði á fiskveiðiárinu 2006/2007 og Hafrannsóknastofnunarinnar á og tímabilinu ef frá báðar 14. þessar september stofnanir til telja 1. að nóvember gengið sé of nærri hvalstofninum með nýjum veiðileyfum 2007 skal umsókn aðeins synjað veita þeim íslensku skipum sem eru sérútbúin til veiða á stórhvöllum.

## 2. gr.

Bannað er að veiða:

a) Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.

b) Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak, steypireyð og steypireyð búrhval.

c) Langreyðar innan við 55 fet eða 16,8 metra að lengd, og sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd og búrhvali innan við 35 fet eða 10,7 metra að lengd.

Þó má veiða langreyðar yfir 50 fet (15,2 m) og sandreyðar yfir 35 fet (10,7 m) fyrir íslenskar landstöðvar, enda sé hvalkjötið þá notað til manneldis eða skepnufóðurs á Íslandi.

## 3. gr.

Hvalir skulu mældir á láréttum fleti svo nákvæmlega sem hægt er, með stálmælibaldi, sem þannig er úr garði gert að á núll-endanum sé oddhvasst skaft, sem stinga má föstu niður beint á móts við annan enda hvalsins. Mælibaldið skal þanið í beinni línu samsíða hvalnum og lesið af því beint á móts við hinn endann.

Endar hvals við mælingu skulu taldir vera fremsti oddur efri kjálka og sporðrauf. Lengd hvals skal miða við heilt fet, þ. e. hvalur, sem mælist milli 76 1/2 fet og 77 1/2 fet skal talinn 77 fet. Ef mæling stendur á hálfu feti, skal lengd miðuð við næsta heila fet á eftir, t. d. 76 1/2 fet skal tákna 77 fet.

## 4. gr.

Veiðileyfi Afhenda skv. skal 1. Hafrannsóknastofnuninni gr. tvö skulu vefjasýni veitt úr landstöð hverjum eða veiddum landstöðvum, er einnig skulu hafa sérstakt leyfi hval til verkunar hvalafla sbr. 1. gr. Skulu veiðileyfin gilda í eitt veiðitímabil í senn. Veiðitímabil skulu vera samfelld og aldrei vara lengur en í 4 1/2 mánuð greiningar á ári erfðaeftir.

## 5. gr.

Íslenskum landstöðvum skal aðeins heimilt að taka á móti og verka hvalafla íslenskra skipa, er veiðileyfi hafa skv. 1. gr. og þeim skipum er aðeins heimilt að landa afla sínum til íslenskra landstöðva.

## 6. gr.

Allir veiddir hvalir skulu merktir veiðiskipi og tölusettir í þeirri röð, sem þeir hafa veiðzt í.

## 7. gr.

Landstöðvar skulu halda dagbók yfir veiðarnar. Skulu innfærslur allar vera greinilegar og má eigi strika út eða gera ólæsilegt það, sem innfært hefur verið. Dagbók skal hafa tölusettar blaðsíður, vera gegnumdregin og löggilt af sjávarútvegsráðuneytinu.

## 8. gr.

Í dagbók skal greina eftirfarandi:

- Tölu og tegund veiddra hvala og misstra og þeirra, sem unnið er úr.
- Veiðistað.
- Kynferði og stærð veiddra hvala (sjá 3. gr.).
- Ef um kvenhval er að ræða skal tekið fram hvort hún sé mjólkurfull eða með á spena. Einnig skal tilgreind lengd fósturs, sé það fyrir hendi.
- Heildarmagn lýsis, mjöls og annarra afurða.
- Upplýsingar varðandi hvalgöngur eða aðrar upplýsingar, sem gætu orðið til glöggvunar á hegðun og ástandi hvalstofna hér við land.

## 9. gr.

Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu dagbókina við lok hvers veiðitímabils.

## 10. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skipar eftirlitsmann Eftirlit með hverri landstöð og ákveður þóknun hans, veiðum er greiddist í úr höndum ríkissjóði Fiskistofu. Einnig Eftirlitsmenn er Fiskistofu landstöðvum fylgjast skylt með að hlíta veiðarnar því, að erlendir eftirlitsmenn fylgist nákvæmlega með starfsemi stöðvarinnar séu í samræmi við samþykktir lög alþjóða nr. hvalveiðiráðsins, 26/1949 um hvalveiðar og reglugerðir settar samkvæmt þeim og að veiðarnar séu í samræmi við þær reglur sem bindandi fram eru koma fyrir í Ísland, fylgiskjali eða við ákvæði alþjóðasamning milliríkjasamninga, um stjórnun hvalveiða frá 1946 (e. Schedule attached to the International Convention for the Regulation of Whaling).

Fiskistofa hefur einnig eftirlit með því að skilyrði sem Ísland fram er koma aðili í að veiðileyfi varðandi veiðibúnað og veiðar séu uppfyllt.

## 11. gr.

Hver landstöð skal greiða kr. 27 30 000.00 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 9 7 000.00 krónur 000,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip. Gjöld þessi skulu samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði við eftirlit með hvalveiðum skv. lögum nr. 26/1949 og reglugerð þessari.

## 12. gr.

Hvalskyttur og skipshafnir veiðiskipa skulu ráðnar þannig, að laun þeirra séu að verulegu leyti miðuð við tegund, stærð og afurðir veiddra hvala, en ekki aðeins við tölu veiddra hvala. Engin aflaverðlaun eða aðrar aukabóknanir má greiða skyttum eða áhöfnum veiðiskipa vegna veiði hvala með mjólk eða kálf á spena. Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu yfirlit yfir allar launagreiðslur og grundvöll þeirra, þegar þess er óskað.

## 13. gr.

Skipstjóri Skipstjórar hvalveiðiskips, hvalveiðiskipa útgerðarmaður ásamt og forstöðumenn landstöðvar útgerðarmönnum skulu sameiginlega bera ábyrgð á því að ekki sé brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar:

~~H. Sérákvæði um veiðar á hrefnu og tannhvölum öðrum en búrhval. -~~

~~14. gr.~~

~~Leyfi til veiða á hrefnu og tannhvölum öðrum en búrhval, sem veitt eru skv. 1. gr., skulu ávallt vera tímabundin. Þau skulu veitt skipstjórum veiðiskipa, sem ásamt útgerðarmönnum skulu ábyrgir fyrir því að öll skilyrði veiðileyfanna veiðileyfa verði haldin. Áður er veiðileyfi eru veitt skulu liggja fyrir staðfestar upplýsingar um það hvar og á hvern hátt aflinn verði verkaður.~~

15. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett leyfishöfum skilyrði með ákvæðum í leyfisbréfum m. a., um:

- a) Ákveðin veiðisvæði,
- b) lengd veiðiferða,
- c) útbúnað veiðiskips,
- d) meðferð og verkun afla,
- e) skyldu til skýrslugerðar,
- f) innköllun eða skiptingu leyfa.

16. gr.

Eintak af lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar og reglugerð þessari skulu höfð til sýnis á áberandi stað þar sem hvalveiðar og vinnsla er stunduð.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og öðrum viðurlögum skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 16, ágúst 1949 um hvalveiðar.

~~- Sjávarútvegsráðuneytið, 30. maí 1973. -~~

~~- Lúðvík Jósepsson. -~~

~~- Þórður Ásgeirsson. -~~

**VIÐAUKI VIÐ REGLUGERÐ NR. 163 30. MAÍ 1973 UM HVALVEIÐAR****1. gr.**

Á fiskveiðiarinu 2006/2007 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum en hér segir:  
9 langreyðar.

30 hrefnur auk þeirra dýra sem sérstök veiðileyfi verða gefin út fyrir vegna framkvæmdar á rannsóknáætlun  
Hafrannsóknastofnunarinnar á hrefnu sumarið 2007.

**2. gr.**

Heimildir til veiða á hrefnu samkvæmt 1. gr. eru framlengdar til 1. nóvember 2007.

**VIÐAUKI VIÐ REGLUGERÐ NR. 163 30. MAÍ 1973 UM HVALVEIÐAR.****VIÐAUKI**

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

**1. gr.**

Árið 2008 er óheimilt að veiða fleiri en 40 hrefnur.

**2. gr.**

Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.